

Föstudaginn 31. maí 1968.

Nr. 62/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Arne Børge Jedig Andersen og

(Örn Clausen hrl.)

Werner Magnússyni (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skirlífisbrot. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi, og er atferli ákærðu fært þar til réttra refsíakvæða.

Refsing ákærðu hvors um sig þykir hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár og sex mánuði. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærðu greiði hvor um sig laun verjanda síns hér fyrir dómi, kr. 25.000.00. Annan kostnað af áfrýjun málsins greiði ákærðu óskipt, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Arne Børge Jedig Andersen og Werner Magnússon, sæti hvor um sig fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði Arne Børge Jedig Andersen greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Ákærði Werner Magnússon greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Annan kostnað af áfrýjun málsins greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. febrúar 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 20. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Þórði Björnssyni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 88—89/1968: Ákærvaldið gegn Arne Borge Jedig Andersen og Werner Magnússyni, sem tekið var til dóms 9. sama mánaðar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 29. f. m., er opinbert mál höfðað á hendur Arne Borge Jedig Andersen sjómanni, Lækjar-kinn 26, Hafnarfirði, og Werner Magnússyni trésmið, Grenimel 16, Reykjavík, en nú gæzluföngum í hegningarhúsinu hér í borg, fyrir eftirgreind brot.

„I. Skírlífisbrot.

1. Ákærðu báðum er gefið að sök að hafa gerzt sekir um nauðg-unarbrot fimmtudagskvöldið 23. nóvember 1967 með því að hafa með líkamlegu ofbeldi og frelsissviptingu þröngvað stúlkunni X, fæddri 24. maí 1951, til holdlegra samfara í herbergi ákærða Werners Magnússonar á 2. hæð hússins nr. 16 við Grenimel í Reykjavík eftir að hafa í félagi ráðizt þar að henni, afklætt hana og liðsinnt síðan hvor öðrum við framkvæmd brota þessara.

Teljast ákærðu með fyrrgreindu atferli hafa gerzt brotlegir við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og við nefnt ákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, en til vara þykir atferli ákærða Werners Magnússonar varða við nefnt ákvæði 1. mgr. 194. gr. hegningarlaganna, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga, sem tilraun með því að hafa lagzt allsnakinn hjá stúlkunni, farið höndum um líkama hennar og kysst hana, m. a. kynfæri hennar, í því skyni að hafa við hana kynmök, eða við 202. gr. sömu laga sem önnur kynferðismök en samræði með fyrrgreindum hætti og hlutdeild ákærða Arne Borge Jedig Andersen þá að því leyti við hin sömu hegningarlagaákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

2. Þá er ákærðu einnig gefið að sök að hafa síðar þetta sama kvöld og greinir í 1. lið og í sama herbergi leitað á stúlkuna B, fædda 27. september 1951, með lostugu hátterni, er hún kom þangað að leita vinstúlku sinnar, fyrrgreindrar X, og reynt að hefta för hennar þaðan. Tók ákærði Arne B. J. Andersen þá m. a. svo niður um sig buxurnar, að kynfæri hans urðu ber í augsyn B.

Telst þetta varða við 209. gr. hegningarlaganna og 45. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

II. Fjársvik.

Loks er ákærða Arne Børge Jedig Andersen gefið að sök að hafa gerzt sekur um ökugjaldssvik laugardaginn 25. nóvember 1967 með því að hafa nokkru eftir hádegi þann dag tekið á leigu bifreiðina R 4194 L frá bifreiðastöðinni Hreyfli, bifreiðarstjóri Kári Gunnarsson, og látið aka sér frá Garðafliót 15 í Garðahreppi að Hverfisgötu 16 í Reykjavík, en stungið þar bifreiðarstjórnann af til þess að komast hjá að greiða áfallið ökugjald, kr. 320.00.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu bóta og alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að ákærðu verði með væntanlegum refsidómi gert að verða af landi burt, er þeir hafa þolað refsingu samkvæmt dóminum, sbr. 13. gr. laga nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum“.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Arne Børge Jedig Andersen er fæddur 23. janúar 1948 í Kaupmannahöfn og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1966 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá birtingardegi (s. s. 2/1966). (Birt 12/3 1966).
- 1966 17/11 í Reykjavík: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga. Svíptur ökuleyfi í 6 mánuði. (Dómur nr. 530/1966).
- 1967 17/10 í Hjörning í Danmörku: Brot gegn 276. og 278. gr., 1. mgr., danskra hegningarlaga. Ákvörðun refsingar frestað í 2 ár.

Ákærði Werner Magnússon er fæddur 6. ágúst 1924 í Kaupmannahöfn og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1958 7/5 í Kaupmannahöfn: Brot gegn 244. gr., 1. mgr., danskra hegningarlaga. 20 dagsektir á 10 kr.
- 1959 24/8 í Kaupmannahöfn: Brot gegn umferðarlögum. 10 daga varðhald.

Samkvæmt framburðum vitna svo og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, eru málavextir þessir:

I. Skírlífisbrot.

A.

Nokkru eða laust fyrir kl. 1800 fimmtudaginn 23. nóvember s.l. voru fjórar vinstúlkur, þær X, nemandi í ..., ..., Kópavogi,

fædd 29. febrúar 1952, og A, ... hér í borg, fædd 17. febrúar 1951, staddar í Hressingarskálanum við Austurstræti hér í borg. Þar hittu þær ákærða Arne Børge Jedig Andersen (hér á eftir kallaður ákærði Arne), sem A kannaðist við. Hann talar íslenzku, og tóku þau tal saman. Hann kveðst hafa spurt þær að því, hvað þær væru gamlar, og þær þá sagzt allar vera 16 ára. Hann hafði í fórum sínum fjórar flöskur af erlendum bjór og tvær flöskur af genever. Bauð hann þeim stúlkunum upp á bjór vestur á Grenimel 16, þar sem danskur vinur hans ætti heima, og þáðu þær það. Þau héldu síðan fimm vestur á Grenimel 16, og þegar þau höfðu dokað þar við lítið eitt, kom vinur ákærða Arnes að húsinu utan úr borginni. Þetta var ákærði Werner Magnússon. Sáu þær stúlkurnar þá, að þessi vinur ákærða Arne var ekki á svipuðum aldri og hann, heldur mun eldri maður, eða um fertugt. Ákærði bauð þeim upp á herbergi sitt á annari hæð í greindu húsi, og fóru þau þá þangað upp. Ákærði Werner kveðst hafa haldið, að stúlkurnar væru á aldrinum 16—18 ára, og hann rámar í, að ákærði Arne hafi sagt honum, að stúlka sú, sem varð eftir hjá þeim, sbr. það sem síðar segir, væri 16 ára.

Telja má upplýst, að stúlkurnar drukku úr tveimur bjórflöskum og ákærðu úr hinum tveimur. Síðan var drukkin genever, blandaður með gosdrykk, og þáðu stúlkurnar sitt hvert glasið. Kveðst X hafa drukkið um hálft glas og fundið til vægrar breytingar af neyzlu áfengisins. Þau röbbuðu saman um daginn og veginn, hlustuðu á útvarp, og ákærði Arne lék á gítar. Ákærði Werner kvaðst hafa átt erfitt með að taka þátt í samtali, þar eð hann talar ekki íslenzku, og hafi hann því neytt þeim mun meira af áfengi.

Ákærðu sýndu stúlkunum hvorki ágengni né atlot. Ákærði Arne hefur þó borið, að hann hafi vísað einni stúlkunni á salerni uppi á 3. hæð hússins og farið með henni þangað inn. Þau hafi dvalizt þar 5—6 mínútur og hafi hann þá þrýst henni að sér og káfað á henni innan klæða, og virtist honum hún ekkert hafa á móti því, en þau hafi farið út, þegar einhver karlmaður opnaði hurðina. Ákærði Arne kveðst síðan hafa setzt á stól í herbergi ákærða Werners og stúlkan á hné hans og þá hafi hann kysst hana. X kveður, að ákærði Arne hafi vísað henni á salerni á 3. hæð hússins og hafi hann ruðzt þangað inn á eftir henni, en hún hafi þá strax farið þaðan út og niður á 2. hæð og hafi ekki komið til þess, að hann þrýsti hana eða káfaði á henni innanklæða. Þá hefur hún mótmælt því, að hann hafi kysst hana eða að hún hafi setzt

á hné hans í herbergi ákærða Werners, heldur hafi hún sett hjá C. C minnst þess, að X fór út úr herberginu í því skyni að fara á salerni á næstu hæð fyrir ofan og að ákærði Arne hafi farið út um leið, en þau hafi komið aftur inn samtímis að vörmu spori og hafi þau verið úti of skamman tíma til þess, að þau hafi getað verið saman í einhverju „kelerí“. Eftir þetta fékk X þær C og A til að fara með sér aftur upp á salernið.

B fékk að hringja heim til sín úr síma uppi á 3. hæð hússins, og heldur hún, að klukkan hafi þá verið um 1900—1930. Hún kveður, að maðurinn, sem hafði símann, hafi gefið sig lítillaga á tal við hana, en eftir 5—6 mínútur hafi hún farið aftur niður í herbergi ákærða Werners. C notaði síðan símann, og var A þá með henni. Þær B og C bera, að ákærði Werner hafi fundið að því, að þær hefðu farið að tala við manninn, sem hafði símann, og eitthvað dvalizt í herbergi hans. Þær hafi svarað ákærða Werner og hann þá sagt við þær „shut up“ og „hold mund“. A kveður, að hann hafi farið að reyna að taka utan um B eða að klappa henni, en hún hafi ekki viljað það. Kveðst A þá hafa sagt við hann, að hann væri allt of gamall og gæti hann verið faðir þeirra. Hann hafi orðið reiður og sagt við hana „shut up“. B vildi fara, og þar sem þær A og C töldu, að þær væru ekki lengur velkomnar í herberginu, fóru þær þrjár á brott. Hinar tvær síðarnefndu halda, að klukkan hafi þá verið um 2030. Áður en þær fóru, sagði B við X, sem var kyrr og hafði ekki tekið þátt í orðaskiptunum, að hún mundi koma aftur síðar um kvöldið, og var þá ætlun hennar að sækja X.

Ákærði Arne kveður, að ákærði Werner hafi haldið, að B hefði hringt í unnusta sinn og að hún hefði setið inni í herbergi mannsins, sem hafði símann. Hafi ákærði Werner atyrst hana út af þessu, en hún sagðist hafa hringt til ömmu sinnar. Ákærði Werner hafi þá beðið hana um að fara á brott og það hafi hún gert ásamt tveimur öðrum stúlkum. Ákærði Arne getur ekki sagt um, hvað klukkan var, þegar þær fóru burt.

Ákærði Werner kveðst hafa fundið að því við eina stúlkuna, að hún hefði farið að tala við Íslending þarna á hæðinni, en einstök orð muni hann ekki. Hann kveðst ekki hafa rekið stúlkurnar þrjár út, en heldur, að þær hafi farið fyrr en ella, af því að þær hafi haldið, að hann væri yngri maður en hann er. Hann kveður, að þær muni hafa verið farnar klukkan 2000.

X heldur, að klukkan hafi verið orðin 2000, þegar vinstúlkur hennar fóru á brott, en hún hafi verið kyrr í herberginu, þar

sem þær ætluðu að koma brátt aftur. Hún kveður, að þær hafi alls ekki verið reknar út og að ekki hafi komið til neins rifrildis milli þeirra og ákærðu, en hana rámar þó í, að ákærði Werner fann að einhverju við B.

Ákærði Arne kveður, að eftir þetta hafi ákærðu og X talað saman og leikið hafi verið á gítar. Hann kveðst hafa þrýst X og kysst og hafi hún verið jafn áköf og hann að gera það. Eftir um eina klukkustund hafi hún staðið á fætur, farið í kápuna og ætlað brott, en þá hafi ákærði Werner og hún rifizt í um eina mínútu. Hafi hún sagt að hann væri „Bauni“. Ákærði Werner kveður, að ákærðu hafi haldið áfram að neyta áfengis og hafi X skálað við þá í geneverblöndu. Leikið hafi verið á gítar og sungið, en þeir hafi ekki verið áleitnir við stúlkuna. Hann kvaðst hafa verið mikið ölvaður og muni hann aðeins óljóst, hvað gerðist eftir þetta. Hann minnst þess þó, að X og hann fóru eitthvað að rífast og hafi hún kallað hann „Bauna“, en hann man ekki eftir því, að hún væri þá búin að standa upp og fara í kápuna. X kveður, að næstu klukkustund hafi hún haldið áfram samtali við ákærðu og hafi þá hvorugur þeirra sýnt henni ágengni eða atlot. Hún kveður það vera rangt, að ákærði Arne hafi þrýst hana og kysst. Hún minnst þess ekki að hafa kallað ákærða Werner „Bauna“ eða öðrum niðrandi orðum eða að komið hafi til rifrildis milli þeirra. Hún kveður, að sér hafi svo leiðzt biðin eftir vinstúlkum sínum, staðið upp og farið í kápuna.

Allt í einu réðst ákærði Werner á X og sló hana í andlitið. Ákærðu bera, að hann hafi gert það, eftir að hún hafði kallað hann „Bauna“, en hún kveður, að hann hafi ráðizt á hana og slegið alveg að tilefnislausu, þegar eftir að hún var komin í kápuna. Þykir gleggst að rekja framburði X og ákærðu um, hvað gerðist síðan, hvern fyrir sig.

X hefur borið það, að ákærði Werner hafi þrifið í hana og hrundið henni á vegg í herberginu. Síðan hafi hann slegið höfði hennar við vegginn og slegið hana tvö eða fleiri högg í andlitið, að því er henni fannst með krepptum hnefa. Hún hafi fengið miklar blóðnasir og orðið ofsalega hrædd og rugluð. Því næst heldur hún, að henni hafi verið hrundið með nokkrum hrindingum á dívan og svo hafi ákærðu klætt hana úr öllum fötunum. Hún hafi vitað, að fólk var í íbúðinni á þessari hæð í húsinu, en hún hafi verið svo yfir sig komin af hræðslu, að hún þorði ekki að hrópa á hjálp af ótta við ennþá verri meðferð af hálfu ákærðu. Ákærði Arne hafi síðan klætt sig úr fötunum og lagzt ofan á

hana. Hún hafi reynt að klemma fætuna saman, en hann hafi skilið þá í sundur með höndunum. Hann hafi síðan rekið getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar og haft samfarir við hana. Hún getur ekki sagt um, hve lengi þær stóðu, en máské 3—4 mínútur og máské eitthvað lengur, og hún getur heldur ekki sagt um, hvort ákærða Arne varð sáðfall. Hún staðhæfir, að samfarirnar hafi verið gegn vilja hennar og hafi hún beitt mótspyrnu, eins og áður greinir, en hins vegar ekki hrópað á hjálp eða beitt öllu afli gegn honum af ótta við, að hann eða ákærði Werner mundu lemja hana enn meira en orðið var, og hafi hún hreinlega gefizt upp. Hún kveður, að ákærði Werner hafi farið snöggvast út úr herberginu, á meðan þetta gerðist, en hann hafi verið þar inni hluta af þeim tíma, sem ákærði Arne hafði samfarir við hana, og hafi hann ekkert gert til að koma í veg fyrir, að ákærði Arne fremdi þann verknað. Síðan hafi maður, sem hún heldur, að hafi verið ákærði Werner, lagzt á divaninn hjá henni, en dimmt hafi verið í herberginu og því erfitt að greina manninn. Hann hafi kysst hana, og minnir hana, að hann hafi kysst kynfæri hennar, en er þó „ekki alveg 100%“ örugg um það, svo að notað sé orðalag hennar. Hún kveðst ekki muna til þess, að hann snerti líkama hennar með getnaðarlim sínum, og hún getur ekki sagt um, hvort hann fór úr fötunum. Hún minnst þess, að ákærði Arne kyssti hana einnig, en hvar, man hún ekki. Hún kveður, að áður en hún fór í föt sín, hafði hún spurt ákærða Arne, hvort hún mætti fara, og hafi hann þá sagt, að ákærði Werner vildi ekki leyfa það. Eftir dálitla stund hafi henni dottið í hug að segja við ákærðu, að hún mundi hitta þá daginn eftir í Hressingarskálanum, og hafi þeir þá samþykkt, að hún mætti fara. Hún hafi svo klætt sig og farið burt.

Ákærði Arne kveður, að ákærði Werner hafi ráðizt á X og slegið hana 3—4 högg í andlitið með lófa og handarbaki. Hún hafi ekki fallið á gólfið og hann hafi ekki séð, að ákærði Werner slægi höfði hennar við vegg eða að höfuð hennar félli á vegg, en við vegg hafi hún staðið. Þá kveðst ákærði Arne ekki hafa orðið var við, að hún fengi blóðnasir eða að hún yrði dösud eða rugluð við högginn, en séð, að hún komst í geðshræringu. Ákærði Werner hafi svo tekið um axlir hennar og hún gengið að divani í herberginu og lagzt út af á hann, eftir að ákærði Arne sagði henni að gera það. Hann hafi farið til hennar og kysst hana. Hún hafi farið sjálf úr peysunni, en ákærði Werner hafi fært hana úr buxunum og öðrum fötum nema brjóstahaldaranum, sem var

það fast kræktur, að ákærði Arne skar hann í sundur með brauð-hníf á baki hennar, og lá hún þá á maganum. Ákærðu hafi ekkert talast við, meðan á þessu stóð, en tilgangur þeirra hafi verið sá að hafa samfarir við X. Hún hafi ekkert gert til að koma í veg fyrir, að hún yrði afklædd, og hún hafi hvorki hljóðað né kallað á hjálp. Ákærði Werner hafi síðan farið úr öllum fötum sínum og haft orð á því, að hann ætlaði að hafa samfarir við stúlkuna á undan honum, en áður en til þess kom, hafi hann þurft að fara fram á salerni. Á meðan hann var úti, kveðst ákærði Arne hafa klætt sig úr fötunum og lagzt ofan á X og haft samfarir við hana. Hafi honum orðið sáðfall og sæðið fallið í kynfæri hennar og hafi hann ekkert gert til að koma í veg fyrir, að hún yrði þunguð. Meðan á samförunum stóð, hafi ákærði Werner komið inn í herbergið og slökkt loftljósið, en ljós hafi logað á borðlampa. Hann hafi fengið sér áfengi að drekka og rétt ákærða Arne glas með áfengi í og hafi hann drukkið af því, meðan á samförunum stóð. Ákærði Arne neitar því eindregið að hafa tekið X nauðuga og hafi hún verið jafn áfjád í samfarirnar og hann. Hún hafi kysst hann, svarað vinalegum orðum hans, eins og t. d. „lille skat“, með sams konar orðum, skilið fætur sína sundur og lagt þá upp á bak hans. Hann hafi svo farið af dívaninum og ákærði Werner lagzt á hann hjá X og beðið hann um teppi. Ákærði Arne kveðst hafa breitt teppi yfir þau og lagzt síðan á gólfið og neytt áfengis og hafi hann ekki fylgzt með því, hvað þeim fór á milli. Þau hafi verið um hálfa klukkustund á dívaninum, en þegar ákærði Werner fór af honum, hafi hann séð, að ákærði Werner var blóðugur á vinstri handlegg. Hafi hann þá látið klút um handlegg hans. Síðan hafi ákærðu kysst X um allan líkamann, þar sem hún lá á dívaninum. Ákærði Werner hafi kysst m. a. kynfæri hennar, en ákærði Arne kveðst ekki hafa gert það. Hún hafi síðan klætt sig og spurt hann (ákærða Arne) að því, hvort hún mætti fara á brott, og hafi ákærði Werner neitað því af einhverjum ástæðum. Hún hafi þá lofað því að hitta hann daginn eftir í Hressingarskálanum og hafi hann þá samþykkt, að hún færi burt. Áður en hún fór í kápu sína, hafi hún beðið ákærðu um „áfengissjúss“ og fengið hann. Því næst hafi hún farið á brott.

Ákærði Werner hefur borið það, að hann hafði slegið X 3—4 högg í andlitið með lófa og baki hægri handar. Hún hafi ekki fallið á gólfið og hann hafi ekki slegið höfði hennar við vegg. Dívan og húsgögn hafi verið við vegginn, þar sem hún stóð, og

hafi húsgagnaskipun að öðru leyti verið þannig, að mjög ósennilegt sé, að höfuð hennar hafi lent á vegg. Hann kveður, að hún hafi ekki fengið blóðnasir, og hann kveðst ekki hafa orðið var við, að hún hafi orðið rugluð við högginn eða hrædd, og bætir því við, að bæði ákærðu og hún hafi verið ölvuð. Hún hafi svo legið á díváninum, en hann kveðst ekki hafa borið hana þangað og heldur einna helst, að þau þrjú hafi fylgzt þangað. Hún hafi svo klætt sig sjálf úr fötunum nema nærbuxunum, sem ákærði Werner kveðst hafa fært hana úr, svo og brjóstahöldunum, sem ákærði Arne hafi skorið sundur með brauðhníf á baki hennar. Hún hafi hvorki veitt mótspyrnu gegn þessum verknaði ákærðu né torvelað hann. Síðan hafi þeir farið út fötum sínum. Hvorugur hafi mælt orð af munni og muni hann ekki til þess, að hann hefði orð á því við ákærða Arne, að hann vildi hafa samfarir við X á undan honum. Í lokaframburði kveðst hann aldrei hafa haft orð á þessu. Hann kveður, að tilgangur sinn hafi ekki verið sá að hafa samfarir við X og hafi hann verið orðinn of ölvaður til þess, en ætlun hans hafi verið að kyssa hana hér og þar um líkamann. Hann geti hins vegar ekki sagt um hug og ætlun ákærða Arne. Ákærði Werner kveðst síðan hafa farið fram á salerni og komið inn í herbergið eftir um 10—15 mínútur. Ákærði Arne og X hafi þá verið í samförum á díváninum, og virtist honum, að þær væru ekki að óvilja hennar, heldur hafi hún tekið þátt í þeim, því að hún hafi haft annan fót sinn eða þá báða upp um bak ákærða Arnes. Ákærði Werner minnst þess, að hann slökkti loftljósið, en kveikt var á borðlampa. Hann kveðst hafa að eigin frumkvæði rétt ákærða Arne glas með áfengisblöndu í, á meðan hann hafði samfarirnar við X, en sett svo í stól og drukkið einn „áfengissjúss“ á 5—6 mínútum, en þá höfðu þau ákærði Arne og X lokið samförunum. Þau hafi síðan legið fáeinar mínútur áfram á díváninum, en hann farið síðan af honum. Ákærði Werner kveðst nú hafa lagzt á díváninn hjá X. Hann hafi ekki haft samfarir við hana og heldur ekki þrýst getnaðarlim sínum að kynfærum hennar eða öðrum hluta líkama hennar og hafi honum ekki orðið sáðfall, en hann hafi kysst hana um allan líkamann og þar á meðal kynfæri hennar. Hún hafi verið hlutlaus eða „passiv“ á meðan. Ákærði Arne hafi breitt teppi yfir þau, en hann hafi fleygt því í höfuðið á honum, þar sem hann lá á gólfinu. Hann hafi svo risið af díváninum og séð þá, að hann var með skrámu á vinstri handlegg, en hann geti ekki sagt um, hvernig hann hlaut hana. Ákærði Arne hafi bundið vasaklút

utan um skrámunu. Ákærði Werner minnst þess ekki að hafa reynt að hindra X í að fara á brott eftir þetta eða að talað væri um, að hann hitti hana daginn eftir, en minnst, að hann hafi sagt, að hún ætti ekki að fara, fyrr en þau þrjú hefðu fengið sér „áfengissjúss“. Hann minnst þess ekki, að hún bæði um áfengi eða neytti þess, áður en hún fór burt.

X kveður það vera rangt, að hún hafi klætt sig sjálf úr peysunni og annarri flík, og neitar því að hafa kysst ákærða Arne, sagt við hann vinaleg orð eða skilið sjálf fætur sína í sundur og lagt þá upp um bak hans, þegar hann hafði samfarir við hana. Hún kveðst ekki muna eftir sérstökum orðaskiptum ákærðu, annars eða beggja, eftir að ákærði Werner sló hana eða á meðan þeir afklæddu hana eða á meðan ákærði Arne hafði samfarir við hana. Þá kveðst hún ekki hafa beðið ákærðu um áfengi eða neytt þess, áður en hún fór burt frá þeim, og hún man ekki sérstaklega eftir því að hafa valdið ákærða Werner skrámu á handlegg, en hún kveðst hafa nokkuð langar neglur. Hún segir, að ákærðu hafi ekki verið sérstaklega ölvaðir. Hún kveðst ekki hafa haft áður samfarir við karlmann.

Það hefur ekki tekizt að fá frekara samræmi milli framburða ákærðu og X þrátt fyrir sampröfun þeirra.

Vinstúlkurnar þrjár, A, C og B, héldu af Grenimel 16 niður í borgina, og fóru hinar tvær fyrstnefndu á plötukynningu í Breiðfirðingabúð, en hin síðastnefnda ekki sökum fjárskorts. Hún hitti tvo pílta, sem höfðu bifreið til umráða. Fór hún í ökuferð með þeim um borgina og hætti við að fara heim til sín. Um kl. 2300 var plötukynningunni lokið, og hitti hún þá fyrrgreindar tvær vinstúlkur sínar fyrir utan Breiðfirðingabúð. Voru þá í fylgd með þeim tveir piltar, þeir D nemandi, . . . , 15 ára, og E verkamaður, . . . , 16 ára, báðir hér í borg. Stúlkurnar þrjár og piltarnir tveir héldu síðan í leigubifreið, sem ekki er upplýst um, hver stjórnað hefur, vestur á Grenimel 16, því að B ætlaði að ná í X. Hún fór ein út úr bifreiðinni við húsið, en hin biðu inni í henni.

B kveðst hafa bankað á útidyrhurð hússins. Ákærði Arne hafi komið til dyra og opnað þær og hafi hann þá ekki verið í öðrum fötum en stuttum nærbuxum. Hún hafi spurt hann að því, hvort X væri stödd í herbergi ákærða Werners, en hann svaraði því engu. Hún hafi þá farið upp á 2. hæð og bankað á dyrnar hjá ákærða Werner. Hann hafi opnað dyrnar og hafi hann þá verið í síðbuxum og inniskóm, en ber að ofan. Hún hafi spurt

hann að því, hvort X væri inni í herberginu, en hann svarað því engu. Hann hafi síðan þrifið í hana, þar sem hún stóð í dyragættinni, og togað hana inn í herbergið, en ákærði Arne hafi lokað dyrunum og læst þeim og falið lykilinn. Hún hafi þá heimtað að fá að fara út, en þeir hafi ekki anzað því. Þegar hér var komið, hafi ákærði Arne togað nærbuxur sínar niður fyrir hné, þannig að kynfæri hans hafi verið ber. Hún hafi þá sagzt mundu hrópa á lögreglu, ef þeir hleyptu henni ekki tafarlaust út. Ákærði Arne hafi þá dregið lykilinn fram undan gólfteppinu, opnað dyrnar og hleypt henni út, en sagt um leið og hún fór, að hún skyldi bíða hans fyrir utan. Hún hafi flýtt sér út í bifreiðina og sagt stúlkunum og piltunum frá því, hvað gerzt hafði. Hún heldur, að hún hafi verið læst inni í herberginu í tæpar 10 mínútur. Hún kveður, að á gólfinu þar hafi verið dökkir blóðblettir og hvít tuska öll blóðug.

Ákærði Arne kveður, að einhvern tíma seinna um kvöldið hafi ein af stúlkunum komið aftur í herbergið til ákærðu og spurt um vinstúlku sína. Hann hafi læst herberginu, þegar hún var komin inn í það, og falið lykilinn undir teppinu, en hann gat ekki greint frá því, hvers vegna hann gerði þetta, og aðspurður um, hvort hann hafi haft hug á því að hafa samfarir við stúlkuna, kveðst hann hafa verið orðinn of ölvaður til að hafa samfarir. Ákærðu hafi sagt stúlkunni, að vinstúlka hennar væri farin. Hún hafi þá heimtað að fá að fara í burtu og hafi hann þá sagt ákærða Werner að opna fyrir henni. Hafi hann gert það. Ákærði Arne kveðst hafa verið á nærbuxunum og hafi þær skýlt kynfærum hans, og neitar hann því eindregið að hafa togað þær niður á hné, þannig að þau hafi orðið ber. Hann hafi beðið stúlkuna um að bíða eftir sér fyrir utan og síðan klætt sig, en hún hafi verið farin, þegar hann kom út.

Ákærði Werner kveðst ekki muna til þess, að ein af stúlkunum premur, sem farið höfðu burt fyrr um kvöldið, kæmi aftur inn í herbergi hans, en tekur fram, að seinast um kvöldið hafi hann verið orðinn mjög ölvaður.

C kveður, að B hafi komið aftur út í bifreiðina eftir um 10 mínútur og hafi hún þá virzt bæði hrædd og reið. A kveður, að B hafi verið inni í húsinu að minnsta kosti í 10 og máské allt að 15 mínútur og þegar hún kom aftur, hafi hún verið í geðshræringu, æst og reið. Báðum stúlkunum ber saman um, að hún hafi sagt, að blóðug tuska hefði verið á gólfinu í herbergi ákærðu,

að annar þeirra hefði tekið niður um sig buxurnar, að þeir hefðu læst herberginu og neitað að hleypa henni út, að hún hafi þá hóttað því að hrópa á lögreglu og að þeir hefðu þá opnað herbergið og sleppt henni út. D kveður, að B hafi komið aftur í bifreiðina eftir 10—15 mínútur, og E gizkar á, að hún hafi verið 5—10 mínútur inni í húsinu. Framburðir þeirra eru annars efnislega samhljóða greindum framburðum C og A að því frátöldu, að þeir minnst þess ekki, að B hefði orð á því, að annar Daninn hefði tekið niður um sig buxurnar.

Þau héldu síðan fimm í leigubifreiðinni niður í Lækjargötu. Þar skildu stúlkurnar við piltana, og héldu þær inn í Hressingarskálann.

X kveðst hafa farið í strætisvagni niður í borgina og gengið inn í Hressingarskálann. Þar hafi hún setzt við borð, ein síns liðs, án þess að fá veitingar. Eftir þó nokkra stund hafi hún gengið frá borðinu og fram í veitingasalinn og séð þá pilt, sem hún kannaðist við og heitir F, sitja þar við borð. Hafi hún gefið sig á tal við hann stutta stund og sagt honum, að hún hefði verið slegin í andlitið.

F nemandi, ... hér í borg, 15 ára, kveðst hafa setið við borð í fremri sal Hressingarskálans í umrætt skipti, þegar X hafi komið inn í veitingahúsið og gengið inn í innri sal. Síðan hafi hún komið aftur út í fremri salinn og gengið að borði hans. Hún hafi strokið hárið frá andliti sínu og sagt við hann hálfgrátandi: „Sjáðu, hvað þeir gerðu við mig“, eða eitthvað á þá leið. Hann hafi séð, að önnur augnabráun hennar var bólgin og blá og spurt hana þá að því, hver hefði gert þetta, en hún hafi svarað því engu. Í þessu hafi hún komið auga á stúlkur og farið til þeirra.

Þetta voru vinstúlkur hennar þrjár, B, C og A. X kveðst hafa verið búin að vera um það bil hálfa klukkustund á veitingastaðnum, þegar þær hittust þar, og hafi hún sagt B sér og hinum saman frá því, að ákærði Arne hefði tekið hana nauðuga.

Stúlkurnar þrjár hafa staðfest þennan framburð X. C kveður, að hún hafi sagt þeim, að mennirnir á Grenimel 16 hefðu slegið hana í andlitið og höfði hennar við vegg og síðan hefði ákærði Arne tekið hana nauðuga. Hún hafi verið í mikilli geðshræringu, hálfgrátandi og rauð í andliti, og virtist annað auga hennar vera bólgið.

A kveður, að X hafi sagt þeim, að ákærði Werner hefði ráðizt á hana og slegið hana upp við vegg í herberginu, en ákærði

Arne tekið hana síðan með valdi. Henni hafi verið mikið niðri fyrir og verið erfitt að skilja hana, því að hún hafi verið í upp-námi. Daginn eftir hafi hún séð, að X var með glóðarauga.

B kveður, að X hafi talað við hana einslega í húsasundi við veitingastaðinn og verið mikið niðri fyrir og æst. Hafi hún sagt henni, að ákærði Werner hefði ráðizt á hana og slegið hana og síðan hefði ákærði Arne nauðgað henni. Hún hafi verið grátandi og sokkalaus, annað auga hennar hafi verið sokkið og blóð í því og enn fremur hafi mar verið niður á aðra kinn hennar. B kveðst hafa ætlað að aka henni heim til sín, en í því hafi tvær vin-stúlkur hennar borið að og þær þrjár tekið leigubifreið saman heim.

Daginn eftir hittust þær X, B og C heima hjá hinni síðast-nefndu og ræddu um það, hvort rétt væri að kæra verknað ákærðu. Varð úr, að þær leituðu ráða hjá G nemanda, . . . hér í borg, 15 ára, en C þekkir hann. Hringdi hún til hans og bað hann um að koma heim til hennar, og gerði hann það.

G kveður, að X hafi sagt honum, að daginn áður hefði hún verið stödd í herbergi einu í vesturbænum með tveimur karl-mönnum. Hefðu þeir ráðizt á hana og tekið hana nauðuga. Hann hafi séð, að í andliti hennar bar hún merki þess, að hún hefði verið slegin. Stúlkurnar hafi spurt hann að því, hvort X ætti að kæra málið til lögreglunnar, og áleit hann, að hún ætti að gera það. Næsta morgun sá hann X á förnum vegi, og bauðst hann þá til að hitta hana, þegar hann væri búinn í skólanum þann dag. Þau mæltu sér svo mót eftir hádegi sama dag, og fylgdist hann með henni á lögreglustöðina, þar sem hún kærði verknað ákærðu, en faðir hans gegndi þá varðstjórarstarfi á stöðinni. Lögreglumenn óku X í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar, þar sem tekin var frumskýrsla af henni. Síðan skýrði hún foreldrum sínum frá atburðum.

Dómurinn hefur hlutast til um, að tæknideild rannsóknarlögreglunnar gerði flatarteikningu af herbergi ákærða Warners á Grenimel 16 með húsgögnum svo og tæki ljósmyndir þar. Gögn þessi hafa verið sýnd X svo og ákærðu og þau spurð að því, hvar hún og ákærði Werner voru og hvernig þau sneru í herberginu, þegar hann sló hana.

X kveðst hafa verið stödd milli skáps og bókahillu við vegginn, sem dyr herbergisins eru á, og hafi hún snúið andlitinu út í herbergið, en ákærði Werner hafi staðið fyrir framan hana. Höfuð hennar hafi skolið á þennan vegg.

Ákærði Werner kveður, að hann og X hafi bæði staðið í herberginu miðju, þegar hann sló hana í andlitið.

Ákærði Arne kveður, að X hafi staðið milli skáps og bókahillu, sem er við vegginn, þar sem herbergisdýrnar eru, og hafi hún snúið andlitinu að skápnum. Ákærði Werner hafi staðið hjá henni og snúið baki í átt til lampa, sem er við herbergisgluggann. Ákærði Arne kveðst sjálfur hafa setið á stól fyrir framan borð, sem er fyrir framan svefnbekkinn.

Þegar X var kunngerður þessi framburður ákærða Arne, kveður hún, að hann geti vel verið réttur, en hún muni ekki nánar um þetta atriði.

Í tilefni af þeim framburði X, að hún hafi fengið blóðnasir við, að ákærði Werner sló hana, og að blóð hafi farið í peysu hennar svo og af þeim framburði hans, að hún hafi ekki fengið blóðnasir, hlutaðist dómurinn til um, að rannsóknarlögreglan fengi peysuna til athugunar 28. desember s.l. Ragnar Vignir, aðalvarðstjóri tæknideildar lögreglunnar, Laugavegi 20 B hér í borg, rannsakaði peysuna, og segir í skýrslu hans, sem dagsett er 2. f. m. og staðfest er fyrir dómi næsta dag, meðal annars svo:

„Nokkrir mjög daufir blettir eru í peysunni framanverðri, og var hægt að ná nokkrum ögnum úr tveim þeirra, sem voru á miðri peysunni um 26 cm fyrir neðan hálsnál. Voru agnirnar settar á filtpappír til þess að vita, hvort hér gæti verið um blóð að ræða.

Var pappírinn vættur með efnum, A, B og C (Faurot blood test), en þessi prófun leiddi í ljós, að agnirnar úr peysunni, sem á pappírinn náðust, voru ekki blóð“.

X hefur verið kunngerð þessi niðurstaða. Hún hefur haldið fast við það, að hún hafi fengið blóðnasir, þegar ákærði Werner sló hana í andlitið, og kveðst hún hafa haldið, að við það hefði blóð farið í peysuna.

I frú, ... hér í borg, er eigandi annarar hæðar í nefndu húsi, og hefur hún leigt ákærða Werner eitt herbergi á þeirri hæð. Hún kveðst hafa komið heim til sín um kl. 1830 hinn 23. nóvember s.l., og sagði móðir hennar, sem var í íbúðinni, henni, að gestir væru hjá ákærða Werner. Hún kveðst hafa útbúið kvöldverð, sem þær mæðgur neyttu, og farið síðan að strauja í eldhúsinu. Máske um kl. 2100 hafi hún heyrt nokkurn hávaða og samtal karla og kvenna úr herbergi ákærða Werners, en hún hafi ekki lagt eyrun að því eða gefið því frekari gaum og hafi hún ekki eftir það orðið vör við neinn sérstakan hávaða úr her-

berginu. Síðar um kvöldið og máské um kl. 2300 heyrði hún, að útidyrhurðinni var skellt, og þegar hún leit út um glugga, sá hún, að ung stúlka gekk frá húsinu, og sýndist henni hún fara út í leigubífreið, sem síðan var ekið burt.

H endurskoðandi, ... hér í borg, hefur á leigu íbúð á þriðju hæð í greindu húsi og hefur leyft ákærða Werner aðgang að síma. Hann kveður, að milli kl. 1800 og 1900 hinn 23. nóvember s.l. hafi gestir verið heima hjá honum. Sá hann þá í gegnum opnar dyr tvær ungar stúlkur koma upp á þriðju hæð og fara inn á salerni þar, en hann veitti þeim enga sérstaka athygli og lokaði hurðinni fram á ganginn. Hann og gestir hans fóru milli kl. 1900 og 2000 burt úr húsinu, og heyrði hann þá raddir karlmanna innan úr herbergi ákærða Werners. Hann kom eigi aftur heim til sín fyrr en klukkan að ganga 2400. Hann hefur ekkert getað borið um afnot af síma hans þetta kvöld.

Kl. 1630 25. nóvember s.l. skoðaði Andrés Ásmundsson, sérfræðingur í kvensjúkdómum, Sunnubraut 33, Kópavogi, X. Í vottorði hans, sem dagsett er sama dag og hann hefur staðfest fyrir dómi, segir meðal annars svo:

„Við skoðun fann ég litla kúlu hægra megin í hársverði. Hún hafði allstórt glóðarauga vinstra megin og eymsl yfir kinnbeini vinstra megin. Hún hafði eymsl yfir enni hægra megin, en engan marblett þar. Hún hafði litla marbletti á eftirtöldum stöðum: Aftan og framan á hægri öxl, á h. upphandlegg, á h. framhandlegg, utan á v. olnboga, innan á vinstra læri (5 litlir marblettir) innan á v. kálfa og á báðum þjóhnöppum. Hún kvaðst auðveldlega fá marbletti. Við skoðun á kynfærum fann ég óverulegan roða í forgarði (vestibulum) sitt hvorum megin. Meydómshimna var án sýnilegrar rifu, en mjög eftirgefanleg, því auðvelt var að stinga fingri inn í fæðingarveginn og því ekkert, sem mælir gegn því, að haft hafi verið við hana samræði umrætt kvöld, og það geti hafa verið í fyrsta sinn. Hún hafði litla hvíta útferð, og sáust ekki sáðlar í smásjá“.

Hinn 6. desember s.l. skoðaði Ólafur Ingibjörnsson, læknir í Slysavarðstofu Reykjavíkur, Háteigsvegi 12 hér í borg, fyrrgreindan áverka ákærða Werners á vinstri handlegg. Í vottorð læknisins, sem dagsett er sama dag, og hann hefur staðfest fyrir dómi, segir meðal annars svo:

„Við skoðun finnst á vinstri upphandlegg gróin húðrispa ca. 10 cm ofan við opicondylus á laterala fleti upphandleggs í stefnu ca. 45 gráður og gengur niður og fram. Stærð húðrispunnar er

4½ cm efst, mjókkar síðan og verður ógreinilegri í 7 cm fjarlægð frá upphafi. Breiddin er mest efst 9 mm og mjókkar jafnt og þétt niður eftir, þar sem hún endar eiginlega í engu. Þessi áverki gæti verið ca. viku gamall og gæti vel verið eftir naglrispu“.

B.

Kemur þá til athugunar hvort ákærðu hafa gerzt sekir um atferli það og brot gegn lagagreinum þeim, sem í I. kafla ákæru greinir.

Um ákærulið I 1.

Verjendur ákærðu hafa í munnlegum flutningi málsins bent á ýmis atriði, sem þeir telja, að styðji það og sýni, að kynmök ákærðu og X hafi eigi verið að henni nauðugri, heldur að vilja hennar og því beri að sýkna þá af ákærulið 1 í I. kafla ákæru.

Atriðin eru einkum þessi:

1) Að dráttur sá, sem hafi orðið á því, að X kærði til yfirvalda út af nauðgun, dragi úr sönnunargildi framburðar hennar.

2) Að hún hafi ásamt vinstúlkum sínum samþykkt að fara með ókunnugum pilti til bjórdrykkju heim til ókunnugs kunningja hans.

3) Að ákærði Arne hafi þrýst henni að sér og káfað á henni innan klæða uppi á salerni og eftir það hafi hún orðið ein eftir hjá ákærðu og neytt áfengis með þeim.

4) Að hún hafi ekki hrópað á hjálp, þó að hún hafi vitað, að fólk var í íbúð á sömu hæð í húsinu.

5) Að hún hafi hvorki í verki sýnt ákærðu mótþróa né í orði sýnt, að hún væri mótfallin hegðun þeirra.

6) Að hún hafi þvert á móti svarað atlotum ákærða Arnes og tekið þátt í samförum þeirra.

7) Að hurð herbergisins hafi aldrei verið læst.

8) Að X hafi klætt sig, án þess að ákærðu hafi reynt að koma í veg fyrir það.

9) Að jafnvel þó að hún hefði í rauninni ekki verið samþykk því, að ákærði Arne hafði við hana samfarir, hafi hann haft fulla ástæðu til að ætla, að hún væri þeim samþykk, og hafi ákærði Werner heldur ekki haft ástæðu til að ætla annað en að samfarirnar væru með fullum vilja hennar.

Málið hefur þó aðrar og fleiri hliðar en þessar, eins og nú verður rakið nánar:

1) Telja verður eftir á, að X hefði átt að fara frá Grenimel

16 rakleitt á lögreglustöðina og kæra þar atferli ákærðu, en í stað þess fór hún á veitingastað, þar sem hún hitti vinstúlkur sínar þrjár. Á hitt er að líta, að hún skýrði þeim frá því þegar í stað, að ákærði Arne hefði nauðgað henni. Daginn eftir ræddi hún við tvær af vinstúlkunum um það, hvort rétt væri að kæra verknað ákærðu, og leituðu þær ráða hjá pilti, sem ein þeirra þekkti. Eftir hádegi næsta dag kærði X ákærðu fyrir lögreglunni. Samkvæmt þessu og með tilvísun til þess, sem að framan greinir um málsatvik, þykir ekki sá dráttur hafa orðið á því, að X kærði atferli ákærðu til yfirvalda, að dregið geti úr sannleiksgildi framburðar hennar.

2) Það var óvarlegt af X og þremur vinstúlkum hennar að samþykkja að fara með pilti, sem aðeins ein vinstúlkanna kannaðist við, til bjórdrykkju heim til ókunnugs kunningja hans og neyta síðan áfengisblöndu hjá þeim, og það var enn óvarlegra, sem og raunin varð, af X að verða ein eftir hjá þeim. Hins vegar er ósannað, að ákærði Arne hafi þrýst X að sér og káfað á henni innan klæða uppi á salerninu og síðan setið undir henni og kysst hana niðri í herberginu. Þá hefur ekkert það komið fram í málinu, sem sýni eða bendi til þess, að hún hafi sýnt ákærðu, öðrum eða báðum, blíðuatlot eða hagað sér með nokkrum öðrum hætti á þann veg, að þeir mættu ætla, að hún væri fús til kynmaka við þá, annan eða báða.

3) Ákærði Arne kveður, að hún hafi verið jafn áfjád í samfarirnar og hann, og nefnir, að hún hafi kysst hann, svarað vinalegum orðum hans með sams konar orðum, skilið fætur sína í sundur og lagt þá upp á bak hans. Ákærði Werner kveður, að honum hafi virzt samfarir ákærða Arnes og X ekki vera að óvilja hennar, heldur hafi hún tekið þátt í þeim, því að hún hafi haft annan fót sinn eða þá báða upp um bak hans. Öllu þessu hefur X neitað.

Á hinn bóginn hefur X viðurkennt að hafa ekki hrópað á hjálp, þó að hún vissi, að fólk var í íbúð á sömu hæð í húsinu, og að hafa ekki beitt öllu líkamlegu afli sínu gegn ákærða Arne, en reynt aðeins að klemma fæturna saman til að koma í veg fyrir, að hann hefði samfarir við hana. Skýring hennar á þessu er sú, að hún hafi ekki þorað að hrópa á hjálp eða beita öllu afli gegn ákærða Arne af ótta við, að ákærðu mundu lemja hana meira en orðið var, og hafi hún hreinlega gefizt upp. Þykir verða að kanna nokkru nánar sannindi eða sennileika þessarar skýringar hennar.

4) Ákærði Arne og X eru sammála um, að hún hafði staðið á fætur og farið í kápuna og að hún ætlaði á brott, þegar ákærði Werner sló hana í andlitið, en þeir segja, að hún hafi þá verið búin að kalla hann „Bauna“.

5) X kveður, að ákærði Werner hafi þrifið í hana og hrundið henni í vegg í herberginu. Síðan hafi hann slegið höfði hennar við vegginn og slegið hana tvö eða fleiri högg í andlitið, að því er henni fannst með krepptum hnefa. Hún hafi orðið ofsalega hrædd og rugluð.

Ákærðu bera, að ákærði Werner hafi slegið hana 3—4 högg í andlitið með lófa og handarbaki og hafi hún ekki fallið í gólfið. Ákærði Werner kveðst ekki hafa slegið höfði hennar við vegg og sé mjög ósennilegt, að það hafi lent á vegg, og ákærði Arne kveðst ekki hafa séð, að ákærði Werner slægi höfði hennar við eða að höfuð hennar félli á vegg. Ákærði Arne og X eru sammála um, að hún hafi staðið milli húsgagna við vegg, en ákærði Werner kveður, að hún hafi staðið úti á miðju gólfi, þegar hann sló hana í andlitið. Ákærðu segjast ekki hafa orðið varir við, að hún hafi orðið rugluð eða hrædd (ákærði Werner) eða dösud eða rugluð (ákærði Arne) við högginn, en hinn síðarnefndi kveðst hafa séð, að hún komst í geðshræringu.

6) X kveður, að því næst hafi henni verið hrundið með nokkrum hrindingum á dívan.

Ákærði Arne kveður, að ákærði Werner hafi svo tekið um axlir hennar og hún gengið að dívaninum og lagzt út af á hann, eftir að hann (ákærði Arne) sagði henni að gera það.

Ákærði Werner heldur einna helst, að þau þrjú hafi fylgzt að dívaninum og svo hafi hún legið á honum.

7) X kveður, að ákærðu hafi síðan klætt hana úr öllum fötunum.

Ákærði Arne kveður, að hún hafi sjálf klætt sig úr peysunni og ákærði Werner hafi fært hana úr buxunum og öðrum fötum nema brjóstahaldaranum, sem ákærði Arne kveðst hafa skorið í sundur með brauðhníf á baki hennar.

Ákærði Werner kveður, að hún hafi klætt sig sjálf úr fötunum nema nærbuxunum, sem hann hafi fært hana úr, svo og brjóstahaldaranum, sem ákærði Arne hafi skorið í sundur með brauðhníf á baki hennar.

8) Ákærði Arne kveður, að ákærðu hafi ekkert talast við, meðan á þessu stóð, en tilgangur þeirra hafi verið sá að hafa samfarir við X. Ákærði Werner hafi síðan farið úr fötunum og

haft orð á því, að hann ætlaði að hafa samfarir við hana á undan honum, en á meðan ákærði Werner hafi farið út á salerni, hafi hann (ákærði Arne) afklætt sig og haft samfarir við hana.

Ákærði Werner kveður, að ákærðu hafi síðan farið úr fötunum og hafi hvorugur mælt orð af munni. Hann kveðst ekki hafa haft orð á því, að hann vildi hafa samfarir við X á undan ákærða Arne, og kveður, að tilgangur sinn hafi eigi verið sá að hafa samfarir við hana.

X kveðst ekki muna eftir sérstökum orðaskiptum ákærðu.

9) Eftir að ákærði Arne hafði lokið samförunum við X og farið af dívaninum, lagðist ákærði Werner á hann hjá henni. Ákærðu viðurkenna báðir, að þeir hafi síðan kysst hana um allan líkamann, og ákærði Werner kveðst meðal annars hafa kysst kynfæri hennar og hafi hún þá verið hlutlaus eða „passiv“.

10) X og ákærði Arne eru sammála um, að hún hafi spurt hann að því, hvort hún mætti fara, og kveðst hún hafa gert það, áður en hún klæddi sig, en hann kveður, að það hafi verið eftir það. Ákærði Werner hafi þá neitað því af einhverjum ástæðum. Hún hafi þá lofað honum því að hitta hann daginn eftir í Hressingarskálanum og hafi hún þá fengið að fara burt. Ákærði Werner kveðst ekki minnst þessa atviks.

11) F og hinar þrjár vinstúlkur X hafa borið um útlit hennar og ástand í nefndum veitingastað um kvöldið. F kveður, að hún hafi sagt við hann hálfgrátandi: „Sjáðu, hvað þeir gerðu við mig“, eða eitthvað á þá leið og hafi önnur augnabráun hennar verið bólgin og blá. C kveður, að hún hafi verið í mikilli geðshræringu, hálfgrátandi og rauð í andliti, og virtist annað auga hennar vera bólgið. A kveður, að henni hafi verið mikið niðri fyrir og verið erfitt að skilja hana, því að hún hafi verið í uppnámi. Daginn eftir hafi hún séð, að hún var með glóðarauga. B kveður, að henni hafi verið mikið niðri fyrir og æst. Hún hafi verið grátandi og sokkalaus, annað auga hennar hafi verið sokkið og blóð í því og enn fremur hafi mar verið niður á aðra kinn hennar.

12) Andrés Ásmundsson læknir kveður, að 25. nóvember s.l. hafi lítil kúla verið hægra megin í hársverði X og hafi hún verið með allstórt glóðarauga vinstra megin. Hún hafi haft eymsl yfir kinnbeini vinstra megin og yfir enni hægra megin. Enn fremur hafi hún haft litla marbletti á hægri öxl, upphandlegg og framhandlegg, utan á öðrum olnboga, innan á vinstra læri (5 litla marbletti), innan á vinstri kálfa og á báðum þjóhnöppum. Þegar

athygli ákærða Werners var vakin á kúlunni í hársverði X, sagði hann ekki neitt við því nema það, að ákærði Arne hefði viðurkennt fyrir honum að hafa slegið hana, að því er honum skildist síðar, en X minnst þess ekki, að hann slægi hana, og er ekkert komið fram þessum orðum ákærða Werners til stuðnings.

13) Samkvæmt framansögðu verður að telja upplýst,

að X var komin í kápuna og var að fara á brott, þegar ákærði Werner sló hana 3—4 högg í andlitið, svo að hún fékk glóðarauga,

að höfuð hennar lenti á vegg, og fékk hún við það, að því er ætla má, kúlu á höfuðið,

að í beinu framhaldi af þessu létu ákærðu X á dívaninn eða létu hana fara á hann, og síðan afklæddu þeir hana með þeim hætti meðal annars, að ákærði Arne skar í sundur brjóstahaldara hennar með brauðhníf,

að ákærðu afklæddu sig báðir í þeim tilgangi að hafa samfarir við hana,

að reyndin varð sú, að aðeins ákærði Arne hafði, og að nokkru í viðurvist ákærða Werners, samfarir við hana,

að ákærðu kysstu hana síðan um allan líkamann og ákærði Werner meðal annars kynfæri hennar,

að eftir þetta neitaði ákærði Werner henni um leyfi til að fara á brott og að hún varð að gefa honum loforð til að fá að fara burt,

að hún var hálfgrátandi, í miklum hugaræsingi og blá og bólgin í andliti, þegar hún hitti vinstúlkur sínar síðar um kvöldið, og

að tveimur dögum síðar hafði hún marbletti víða um líkamann, en eigi sást rifa á meydómshimnu hennar.

14) Þau atriði, sem nú hafa verið rakin, styrkja mjög þann framburð X, að hún hafi ekki þorað að hrópa á hjálp eða beita öllu afli gegn ákærða Arne af ótta við, að ákærðu mundu lemja hana meira en orðið var, og að hún hafi hreinlega gefizt upp fyrir þeim, enda verður að hafa í huga, að hér áttust við annars vegar tveir karlmenn, annar 43 ára og hinn 19 ára, en hins vegar stúlka, aðeins 16 ára gömul. Þá þykir meðferðin á X, árásin á hana og áverkar hennar, umsvifalaus flutningur hennar á dívan, berhättun hennar og beiting hnífs við það verk svo og háttur sá, sem ákærðu höfðu á mökunum við hana, styrkja það, að ákærðu skipti engu máli vilji hennar, heldur öllu máli að fá fullnægt kynfýsn sinni, eftir því sem geð þeirra og geta var til.

Hlaut ákærðu að vera ljóst, að kynferðismökin við X voru ekki að frjálsum vilja hennar, heldur framin með því að þröngva henni til þeirra með ofbeldi.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með tilvísun til mála-vaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, þykir lögfull sönnun vera fram komin fyrir því, að ákærði Arne þröngvaði X til holdlegs samræðis með ofbeldi í umrætt skipti og að ákærði Werner veitti honum liðsinni í verki til þess verknaðar. Ákærði Arne hefur með því atferli gerzt brotlegur gegn 194. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og ákærði Werner hefur með atferli sínu brotið gegn 194. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 1. mgr., sömu laga. Enn fremur þykir sannað, að ákærði Werner gerði tilraun til að þröngva X til holdlegs samræðis með ofbeldi og að ákærði Arne veitti honum liðsinni til verknaðarins. Ákærði Werner hefur með því atferli sínu gerzt brotlegur gegn 194. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og ákærði Arne með atferli sínu brotið gegn þeim lagagreinum, sbr. 22. gr., 1. mgr., laganna.

Litið verður á háttsemi ákærðu gagnvart X sem eina heild, og því verður hegðun þeirra gagnvart henni, eftir að ákærði Arne lauk samförum við hana, ekki færð sérstaklega til hegningarlaga-ákvæða, heldur þykja fyrrgreind lagaákvæði tæma sök þeirra í þessu efni.

Um ákærulið I 2.

Telja verður ósannað gegn eindreginni neitun ákærða Arnes, að hann hafi tekið niður um sig buxurnar, svo að kynfæri hans urðu ber í auglýn B, eða að ákærðu hafi með öðrum hætti sært blygðunarsemi hennar, þegar hún kom aftur á Grenimel 16 umrætt kvöld. Ber því að sýkna ákærðu af ákæru ákæruvaldsins fyrir brot gegn 209. gr. hegningarlaganna, en með því að aflæsa herberginu og fela lykilinn og hefta þannig för hennar burt þaðan um stundarsakir hafa þeir brotið gegn 45. gr. laga nr. 53 13. maí 1966 um vernd barna og ungmenna.

II. Fjársvik.

Eftir hádegi laugardaginn 25. nóvember s.l. var ákærði Arne staddur heima hjá ákærða Werner á Grenimel 16. Um kl. 1430 fóru þeir í leigubifreið þaðan suður að Garðafliót 15 í Garðahreppi, og greiddi ákærði Werner ökugjaldið þangað. Bifreiðarstjórinn var Kári Gunnarsson, Háaleitisbraut 43 hér í borg.

Ákærði Werner varð eftir þarna suður frá, en ákærði Arne tók bifreiðina á leigu inn til Reykjavíkur aftur. Samkvæmt ósk hans var ekið að Hverfisgötu 16, og nam bifreiðin þar staðar. Ákærði Arne bað bifreiðarstjórann um að bíða stutta stund og fór svo út úr bifreiðinni. Var tilgangur hans að yfirgefa bifreiðina án þess að greiða ökugjald hennar. Fór hann á bak við fyrrgreint hús og yfir vegg þar og komst í burtu, án þess að bifreiðarstjórinn yrði þess var. Ákærði Arne kveðst ekki hafa vitað, hvað ökugjaldið var orðið hátt, þegar hann fór úr bifreiðinni, og heldur ekki, hve lengi bifreiðarstjórinn beið eftir honum þarna, en ökugjaldið er ennþá ógreitt. Hann kveðst hafa haft í vasa sínum nægilegt fé í þetta skipti til að greiða ökugjaldið, en hann hafði í huga að nota peningana til að fara á dansleik um kvöldið, þó að ekki yrði af því. Bifreiðarstjórinn kveðst hafa beðið eftir ákærða Arne við Hverfisgötu 16 um eina klukkustund og nemi hið ógreidda ökugjald kr. 320.00.

Framangreint atferli ákærða Arnes varðar við 248. gr. hegningarlaganna.

III.

Hinn 23. desember s.l. gekk úrskurður í sakadómi meðal annars um, að sérfræðingur í geðsjúkdómum skyldi rannsaka geðheilbrigði og sakhæfi ákærðu, og með bréfi, dags. 30. sama mánaðar, var Grími Magnússyni lækni, Langholtsvegi 66 hér í borg, falið verkið. Niðurstöður í skýrslum læknisins, sem dagsettar eru 22. f. m. og staðfestar fyrir dómi 24. f. m., eru þessar:

„Af framansögðu verður ráðið, að Arne hafi vanþroskaða siðgæðisvitund og ábyrgðartilfinningu, og bendir það á, að hann sé að einhverju leyti geðveill, en engin einkenni um geðveiki finnast hjá honum, heldur ekki umrætt kvöld, þegar hann framdi þann verknað, sem hann er ákærður fyrir. Hann telst því að öllu leyti sakhæfur“.

„Samkvæmt framansögðu er augljóst, að telja verður Werner heilbrigðan á geði og að hann einnig þetta umrædda kvöld hafi verið með fulla meðvitund þrátt fyrir nokkra ölvun og ekkert af því, sem hann aðhafðist, hafi verið gert í þokuvitund eða óminni. Hann telst því að öllu leyti sakhæfur“.

Ákærðu eru báðir danskir ríkisborgarar.

Foreldrar ákærða Arnes voru danskir, en seinni kona föður hans er íslensk. Ákærði Arne hefur komið nokkrum sinnum hingað til lands. Samkvæmt upplýsingum útlendingaeftirlitsins

kom hann hingað í fyrsta skipti 4. desember 1948 og fór héðan 20. janúar 1949. Í annað skipti kom hann hingað 2. maí 1958 og dvaldist hér til 15. sama mánaðar. Í þriðja skipti kom hann hingað 2. júní 1965, en ekki er vitað, hvenær hann fór héðan. Hann kom hingað í fjórða skipti 9. marz 1966, en ekki er vitað, hvenær hann fór héðan. Hann hafði dvalizt stuttan tíma hér á landi, þegar atburðir þeir, sem ákært er út af, gerðust.

Faðir ákærða Werners var íslenzkur, en móðir hans dönsk. Samkvæmt upplýsingum útlendingaeftirlitsins dvaldist hann hér á landi frá 29. janúar 1947 til 1. júlí sama ár, og samkvæmt fram-
burði hans sjálfs kom hann aftur hingað til lands í júní 1966 og hefur dvalizt hér síðan, þegar frá eru taldar tvær utanferðir vegna fría. Hann kveðst eiga dóttur, sem er nú 19 ára, með danskri eiginkonu sinni, en þau eru nú skilin að borði og sæng.

Með skírskotun til allra atvika í máli þessu, eins og þau hafa verið rakin hér að framan, svo og með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár.

Ákærðu hafa verið í gæzluvarðhaldi síðan 26. nóvember s.l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir þessi vist þeirra í varðhaldi mega koma með fullri dagatölu refsingu þeirra til frádráttar.

Kári Gunnarsson hefur krafizt þess, að ákærði Arne greiði honum kr. 320.00, sbr. II. kafla. Ákærði Arne hefur samþykkt bótakröfu þessa, og verður hún tekin til greina að fullu.

Aðrar fébótakröfur hafa ekki verið gerðar í málinu.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 45 12. maí 1965 um eftirlit með útlendingum skulu ákærðu verða héðan af landi burt, þegar þeir hafa þolað refsingu samkvæmt dómi þessum.

Ákærða Arne ber að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, í réttargæzlu- og málsvarnarlaun, kr. 15.000.00.

Ákærða Werner ber að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Gísla Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni, í réttargæzlu- og málsvarnarlaun kr. 15.000.00.

Ákærðu ber að greiða in solidum annan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Arne Børge Jedig Andersen og Werner Magnússon, sæti hvor um sig fangelsi 2 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærðu síðan 26. nóvember 1967 komi með fullri dagatölu refsingu þeirra til frádráttar.

Ákærðu skulu verða héðan af landi burt, þegar þeir hafa þolað refsingu samkvæmt dómi þessum.

Ákærði Arne Borge Jedig greiði Kára Gunnarssyni kr. 320.00.

Ákærði Arne Borge Jedig Andersen greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, í réttargæzlu- og málsvarnarlaun kr. 15.000.00.

Ákærði Werner Magnússon greiði skipuðum verjanda sínum, Gísla Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni, í réttargæzlu- og málsvarnarlaun kr. 15.000.00.

Ákærðu greiði in solidum annan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. júní 1968.

Nr. 55/1966. **Kristinn Friðriksson**

gegn

Laufeyju Gunnarsdóttur og Sigurði Pálssyni og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Kristinn Friðriksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.